



# Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 5. tbl. október 2009

## Aðalfundur TFÍ 2009

Aðalfundur Tannlæknafélags Íslands verður haldinn í félagsheimili TFÍ í félagsheimili tannlækna að Síðurmúla 35, fimmtudaginn 12. nóvember 2009 og hefst kl. 20.00.

### **Dagskrá:**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Inntaka nýrra félaga
3. Skýrsla stjórnar og nefnda félagsins
4. Úthlutun úr Vísindasjóði
5. Endurskoðaðir reikningar kynntir og lagðir fram
6. Lagabreytingar
7. Kosningar: formanns, fjögurra í stjórn og tveggja til vara, endurskoðenda og nefndarmanna
8. Ákvörðurn um árgjald
9. Önnur mál rétt fram borin

### **Breytingar og leiðréttingar frá áður útsendum tillögum stjórnar um setu í nefndum félagsins**

#### **Árspings- og endurmenntunarnefnd:**

Jón Ólafur Sigurjónsson, Petra Sigurðardóttir, Júlíus Schopka, Sigríður Rósa Víðsdóttir, **Elín Sigurgeirsdóttir**, **Hrönn Róbertsdóttir** og fulltrúi stjórnar.

#### **Félagsheimilisnefnd**

Hlynur Þ Auðunsson, Ottó Þórsson, Tofri S Stefánsson, Ásgeir G Ásgeirsson, Gunnar Ingi Gunnarsson, Eva Guðrún Sveinsdóttir og fulltrúi stjórnar (framkvæmdastjóri).

#### **Lyfjanefnd**

Elín S Wang, Júlíus Schopka og Rolf Hansson

#### **Ritnefnd Tannlæknablaðs og heimasíðu**

Jónas Geirsson ritstjóri, Berglind Jóhannsdóttir, Helgi Hansson og **Álfheiður Ástvaldsdóttir**.

**Móttaka hjá Vætryggingafélagi Íslands hf,  
að Ármúla 3, 5. hæð.  
föstudaginn 14. nóv. kl. 17.00 til 19.00**

# Vegna breytinga á forvarnar- "samningi" tannlækna og SÍ sem taka eiga gildi 1. janúar 2010

Ég vil vekja athygli félaga í TFÍ á þeirri staðreynd að þann 1. janúar nk. taka eftirfarandi atriði gildi.

1. Verð á liðum 1003, 1006 og 1012 skulu breytast þann 1. janúar 2010 í samræmi við launa- og verðlagsforsendur sem lagðar verða til grundvallar fjárveitingum til heilbrigðisstofnanna á fjárlögum ársins 2010.

2. Tannlæknar sem eru aðilar að samningnum, skuldbinda sig til þess að hafa komið sér upp tölvubúnaði fyrir 31. desember 2009 sem gerir þeim kleift að senda SÍ niðurstöður skráninga sinna skv. 1. mgr. á samræmdu, rafrænu formi.

3. Frá og með 1. janúar 2010 skal rafræn upplýsingagjöf skv. 1. og 2. mgr., vera FORSENDA greiðslu SÍ á reikningum tannlæknis vegna gjaldliða 1003, 1006, 1012.

Þrátt fyrir að ég sé ekki menntaður lögfræðingur þá segir mín norðenska málvitund mér að orðið „samningur“ á íslensku merki það að tveir eða fleiri aðilar komi sér saman um ákveðið efni t.d. kaup og kjör. Samningsaðilar eru þá amk tveir og enda þeir samningaferlið með samningi sem undirritaður er að báðum aðilum eða fulltrúum samningsaðila. Nýju löggin um Sjúkratryggingar Íslands (S. Í) virðast ekki heimila samninganefnd S.Í. að semja við fagfélög um kaup og kjör félagsmanna sinna, enda vill ríkið ekki semja við hóp atvinnurekenda með einokunaraðstöðu eins og þetta hefur verið orðað svo skemmtilega við okkur í stjórn T.F. Í. Ekki virtist samt vera mikið samið við einstaka tannlækna, heldur birtist auglýsing í Morgunblaðinu síðla árs 2008 þar sem tannlæknum var boðið að skrifa undir þennan samning. Það þykja mér persónulega ákaflega skrýtin vinnubrögð við samningagerð að leggja tilbúinn samning fyrir tannlækna, samning sem hvorki stjórn T.F.Í eða almennir tannlæknar höfðu nokkurn tíman augum litið. Gjörningur þessi hlýtur frekar að flokkast undir það sem kallað er útboð en samning.

„Samningurinn“ eða útboðið sem síðan margir félagar gengust undir í fyrra var gerður í skugga ákaflega erfiðra tíma og er ég sannfærð um að tannlæknar gerðu þarna mikið góðverk. Ég held að ég geti sagt það með sannni að engin önnur stétt í þessu landi hafi sætti sig við 0% hækkun á vinnu sinni frá vormánuðum 2007 til ársloka 2009. Nú eru ekki margir mánuðir eftir af árinu 2009 og ekkert hefur heyrst frá S.Í. varðandi áframhald eða framkvæmd „samningsins“. Er það eftir öðru. Ekki eru miklar líkur á því að S.Í boði hækkun á þessum þremur gjaldliðum út árið 2010, enda eru boðaðar

lækkunir en ekki hækkunir á öðrum fjárveitingum til heilbrigðisstofnanna árið 2010.

Við í T.F.Í. buðum í byrjun árs 2009 að fulltrúar S. Í. kæmu á fund hjá félaginu og kynntu samninginn því tannlæknar voru almennt ákaflega óruggir með samninginn og hvernig framkvæma ætti hann. Þeirri ósk var hafnað. S. Í. sá engan tilgang í að útskýra samninginn, þeir voru ánægðir með hversu margir tannlæknar hefðu sagt sig á útboðið og undu bara glaðir við sitt. Síðan hafa hvorki T.F.Í eða tannlæknar heyrt hósta né stunu frá Sjúkratryggingum Íslands.

Ekkert hefur verið rætt við okkur um framkvæmd þessarar rafrænu skráningar og ekkert um hækkunir/lækkunir á gjaldliðunum sem um var samið. Þegar þetta er skrifað hef ég fyrir hönd stjórnar T.F.Í. haft samband við Sjúkratryggingar Íslands til að spyrjast fyrir um þessi mál og eru þau víst í skoðun hjá þeim. Þar á bæ er sjaldan frumkvæðinu fyrir að fara í málefnum tengdum tannlækningum. Áhuga- og viljaleysi ríkisins í tannheilbrigðismálum barna og unglinga hlýtur að endurspeglast í aðgerðarleysi Sjúkratrygginga Íslands í þessum málum. Ég vil því hvetja tannlækna sem aðilar eru að útboðinu að hugsa sig vel um áður en þeir ákveða hvort þeir kjósi að vinna við það á næsta ári. Uppsagnarfrestur hvers og eins tannlæknis á útboðinu er einn mánuður. Okkur hefur lengi verið legið á hálsi að vilja ekki ganga til samninga við yfirvöld vegna tannlækninga barna og ungmenna. En þegar ekkert er rætt við okkur og við eiginlega algjörlega hunsuð þá endar það með því að okkar vilji til að bæta samskiptin við ríkið hverfur. Ég hef ávallt verið ákafur stuðningsmaður þess að samið sé við ríkið um þessi mál og þau sett í einhvern ákveðinn farveg sem mætti verða allri þjóðinni til hagsbóta. Framkoma (eða framkomuleysi) yfirvalda og þ.m.t. Sjúkratrygginga Íslands í þessum málum á undanförunum árum hafa nú á endanum breytt skoðun minni, því svo má deigt járn brýna að það bití um síðir. Ég sjálf er að flytja til Noregs nú í nóvember og mun því segja upp aðild minni að þessu útboði, en ég myndi ef ég væri ekki að flytja út alvarlega hugsa mig um hvort ekki væri best fyrir mig og minn rekstur að losa mig af þessum samningi.

Ráðamenn íslensku þjóðarinnar hafa glutrað niður þeim árangri sem þó náðist á árum áður við að bæta tannheilsu íslensku þjóðarinnar, í það súra epli verða þeir nú að bita í. Tannlæknar hafa reynt árangurslaust í mörg ár að ná eyrum þessara háu herra en nú er ég a.m.k. búin að gefast upp við það. Heilbrigðiskerfi þjóðar verður aldrei rekið með hagnaði. Hagnaður þjóðar að góðu heilbrigðiskerfi er bætt heilsa þjóðarinnar.

Ingibjörg S. Benediktsdóttir, formaður T.F. Í.

**Skýrsla Minjasafnsnefndar**

Haldinn var fundur 12. mars s.l. með Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur, safnstjóra Lækninga-minjasafnsins Íslands í Nesi, formanni félagsins Ingibjörgu S Benediktsdóttur, Ólafi Björgúlfssyni og undirrituðum. Rætt var um stöðu Minjasafns TFÍ, í framtíðinni verða munir úr safninu okkar sýndir á sýningum sem settar verða upp og voru t.d. í sumar sýndir nokkrir gripir.

Byggingarframkvæmdum á nýju safnhúsi er haldið áfram en miðar hægt en markvisst.

Tölvuskráning á safngripum er þegar hafin og mun Minjasafnsnefnd TFÍ halda áfram sínu starfi við skráningu óskráðra muna, svo hægt verði að skrá þá endanlega á tölvutæktform.

F.h. Minjasafnsnefndar  
Birgir Jóh. Jóhannsson

**Bólusetning vegna H1N1 inflúensu**

Bóluefnið kemur væntanlega til landsins í lok októbermánaðar.

Heilsugæslustöðvar um land allt eiga að hafa fengið lista yfir alla starfandi tannlækna í Tannlæknafélagi Íslands.

Tannlæknar skulu leita á sína heilsugæslustöð til bólusetningar.

**Munið  
að  
greiða  
félagsgjöldin**

**Skýrsla Árshátíðar- og skemmti-nefndar.**

Árshátíð Tannlæknafélagsins 2008 var haldin í Súlnasal Bændahallarinnar við Hagatorg í tengslum við ársþing T.F.Í. þann 18. október 2008. Þetta var þriðja árið í röð sem árshátíð TFÍ var haldin en slíkt og þvítíkt hefur ekki gerst undanfarna tvo áratugi eða svo. Stjórn TFÍ ákvað að knýja skemmtinefnd til að halda árshátíð enn á ný strax ári eftir 80 ára afmælisárshátíðina. -Enda skemmti þessi sama stjórn sér all vel á þeirri árshátíð sem lukkaðist bara assgoti vel að flestra mati. Mæting var all góð í fyrra miðað við óvenjuháa árshátíðatíðni undanfarið og tókst flest vel. Álag varð ekki óhóflegt á barþjónum eða öðrum þjónum eins og bar við í hitteðfyrri þegar gestafjöldi á árshátíð sprengdi alla fyrri mælikvarða.

Veislustjórar voru þeir skólabræður Bjarni Elvar Pjetursson tannlæknaþjófur í Valhöll og Hallur Halldórsson stórtannlæknir á Selfossi. Fórst þeim veislustjórnin vel úr hendi. Ræðumaður kvöldsins var nýkjörinn formaður TFÍ, Ingibjörg S. Benediktsdóttir og varð henni ekki orða vant fremur en endranær. Nokkur heimatilbúin skemmtiatriði voru á dagskrá og skal þar fyrst nefna hinar dæmalaust skemmtilegu og stór glæsilegu "Kokkur" sem voru með flottan, frumsaminn kabarett. Þá tróð upp hin framsækna og mystíska djúpperiorokksveit "Tannbrot" og gerði allt vitlaust með gargandi gítarrokkstuði.

Geir Tómasson, sú aldna kempa, sté óvænt í pontu og hélt stórskemmtilega tölu um lífsins gang í tannlækningum, hér heima sem erlendis, fyrr og nú. Loks lék hljómsveit hússins "Saga class" fyrir dansi af mikilli lyst, uns yfir lauk.

Undirritaður er búinn að vera formaður árshátíðar- og skemmtinefndar TFÍ lengur en hann kærir sig um að muna -og það í tvígang. Hætta ber leik þá hæst hann stendur, auk þess sem kominn er tími til að hleypa einhverjum öðrum, yngri og ferskari að þessum skemmtilega og gefandi vettvangi innan félagsstarfs TFÍ. Þetta er búið að vera reglulega skemmtilegt, en ég leyfi mér hér með að tilkynna að ég gef ekki kost á mér til formennsku í nefndinni á næsta aðalfundi.

Takk fyrir mig og góða skemmtun

Gunnar Rósarsson



## **Fósturlandsins freyja er að flýja land (Móðir, kona, meyja er búin að fá sig fullsadda á þessu rugli.....)**

Gott ef þetta eru ekki þær hugsanir sem fljúga um huga minn þegar ég rita þessar línur og kveð ykkur félagá mína í Tannlæknafélagi Íslands. Það var fyrir algjöra tilviljun sem ég endaði sem varaformaður félagsins árið 2005. Gott ef Tuborgverksmiðjurnar komu þar ekki við sögu. Hef síðan séð mikið eftir því hvernig látið var við fyrrverandi stjórn, finn núna að auðvitað eru menn alltaf að gera sitt besta og þó maður sé ekki sammála fólki þá á maður að sýna kurteisni og bera virðingu fyrir störfum þeirra. (Hafði reyndar sjálf staðið í sömu sporum þegar Ingunn mín Mai tpaði formannskosningu á „skjaldarmerkinu“) Síðan fékk ég hálfan mánuð til að undirbúa mig undir að verða formaður í hruninu 2008. Hef reynt eftir bestu getu að vinna störf mín að alúð og reyna að bæta hag félagsmanna og stuðla að bættri tannheilsu þjóðarinnar. Lærðist þó snemma að það er vonlaust að vera vinur allra og alls ekki er hægt að gera öllum félagsmönnum í TFÍ til hæfis.

Hef alltaf talið mig vera heilbrigðisstarfsmann en ekki háskólamenntaðan múrara. Hins vegar sýnist mér nú eftir 4 ára setu í stjórn að heilbrigðiskerfið hafi á einhvern óskiljanlegan hátt múrað okkur tannlækna úti, ég veit ekki hvort við eigum einhverja sök þar á en viðhorfið sem hefur mætt okkur t.d. að hálfu TR og SÍ hefur verið með eindæmum kalt, stirt og í raun fjandsamlegt. Kannski er okkar íslenska heilbrigðiskerfi í rúst? Eftir tilraunastarfsemi undanfarinna ára þá situr eftir einhvers konar bákn, sem er svo óskilvirkt og illa rekið að flestir tannlæknar hrista bara hausinn þá sjaldan þeir sjálfir þurfa á þessari þjónustu að halda og verða að bíða tímum saman á heilsugæslustöðvum eða spítölum. Ef okkar tannlæknastofur væru reknar svona þá værum við öll farin áhausinn. Tannlækningar eru svo einhvers staðar í heilbrigðiskerfinu sem svona jaðarstarfsemi, sem skiptir í raun alla Íslendinga máli en enginn vill borga fyrir. Mér er minnstæður einn fundur minn með Sjúkratryggingum Íslands fyrr á þessu ári, þar sem ég var boðuð ásamt Kristínu Heimisdóttur til að ræða fyrirhugaðan samning um tannréttingar fyrir börn með klofinn góm og vör. Þessi fundur var svona „karlar eru frá mars, konur frá venus“ fundur, tannréttarar áttu að vinna verk sín sem þeir væru Flórens næturgali og þeirra umbun átti að vera hamingjusamir sjúklingar og foreldrar. Þessir einstaklingar eru erfiðustu viðfangsefni tannréttingasérfræðinga og vonlaust að gera tilboð í slík verk, ekki er spurt um það á sjúkrahúsunum hvort slíkir

einstaklingar þurfi 2 eða 10 aðgerðir til að leiðrétta það sem þarf að leiðrétta og ekki fá viðkomandi skurðlæknar einungis borgað fyrir fyrstu 3 aðgerðirnar eða hvað? Eins fá foreldrar þessara barna einungis endurgreitt eftir ráðherragjaldskránni þegar þeir þurfa að leita til tannlækna, munn- og kjálkaskurðlækna og annarra sérfræðinga í tannlæknastéttinni á þeirra stofum (ekki á sjúkrahúsi) og er það mikill aukakostnaður fyrir þessar fjölskyldur. Mér fannst það því frekar undarleg forgangsröðun núna á niðurskurðartímum þegar landlæknir og fleiri stjórnendur í heilbrigðisgeiranum mættu í sjónvarpið og lýstu miklum áhyggjum yfir því að nú yrði væntanlega hætt að borga fyrir kynskiptiaðgerðir, sem síðan reyndist vera vitleysa, núna þarf bara að sækja um fulla endurgreiðslu. Ekki ætla ég að gera lítið úr þeim vandræðum sem fólk sem fæðist í röngum líkama á við að etja, en ég er einhvern veginn bara slegin yfir því að landlæknir og heilbrigðisráðherra mæti samdægurs í sjónvarp og ræði þann vanda á meðan þeir virðast engan áhuga á að bæta hag barna með klofinn góm og vör. Á þessum fundi með forstjóra og samninganefnd S.Í. þá bauð ég fundarmönnum ítrekað að mæta á Hjálparvakt tannlækna, þ.a. þeir gætu séð ástandið með eigin augum og spjallað við foreldra. Þeir báðust undan því og sögðu að það yrði of erfitt að mæta. Nákvæmlega! Barna sat fólkið sem voru fulltrúar þeirra sem í raun bera mesta árbyrgð á því hversu skelfilegt ástandið er í tannheilsumálum barna og treystu sér ekki til að mæta og sjá með eigin augum afleiðingar gjörða sinna. Einhverra hluta vegna dattu mér í hug strútar og sandur.

Mér hefur smám saman orðið ljóst að það er enginn raunverulegur áhugi á að bæta tannheilsu íslenskra barna og ungmenna, það er talað og talað á góðum stundum en einna helst hafa tillögur ráðamanna verið þær að flúorskola í skólum og þannig muni þeir kárius og baktus hverfa á braut og ónýtar tennur verða heilbrigðar á ný. Nú er ég ekki sérlega trúuð á kraftaverk og stofnfrumurannsóknir hafa ennþá ekki getað endurskapað skemmdar tennur, þ.a. það eina sem liggur fyrir til að lagfæra ástandið er að leggja fjármuni og alúð í verkið, þessari óheillaþróun verður ekki snúið við án þess að auka fjárveitingar til tannheilsunnar.

Þegar þetta er ritað hef ég verið formaður í 11 mánuði og er á þriðja heilbrigðisráðherranum. Það er afskaplega erfitt að þurfa að kynna sín málefni ítrekað frá grunni fyrir þessum háu herrum og óska ég nýrri stjórn T.F.Í. góðs gengis í þeim ólgusjó sem framundan er í

Íslenskum heilbrigðismálum. Ég hef starfað núna samfelld í 4 ár í stjórn T.F.Í. í þrjú ár sem varaformaður og 1 ár sem formaður. Mér bauðst á vormánuðum draumastarfið við Háskólann í Bergen, starf við það sem ég hafði lært áður í röntgenfræðum í Arósum. Mér fannst að sumu leyti ég vera að svíkja land og þjóð sem og Tannlæknafélagið með því að taka þessari stöðu en svo ákvað ég bara að hugsa um eigin hag og eigin langanir og sagði já takk við starfinu. Það er með miklum söknuði sem ég kveð félagi mína í stjórn T.F.Í. og okkar frábæra framkvæmdastjóra Anný Antonsdóttur. Fyrir nokkrum árum voru þrjár starfskraftar á skrifstofunni nú er hún aðeins ein. T.F.Í. brúðlar ekki með yfirbyggingu, svo mikið er ljóst. Ég mun hér eftir sem hingað til vera tilbúin til að starfa fyrir T.F.Í. í þeirri fjarbúð sem ég nú mun hefja frá Noregi. Öllum félögum í T.F.Í. þakka ég frábært samstarf á liðnum árum. Þið eruð landi og þjóð til sóma, munið það.

Kveðja

Ingibjörg S. Benediktsdóttir, formaður T.F.Í.

**Janúarkúrs  
verður  
haldinn  
15. og 16.  
janúar  
2010**

**Það er ekki  
ráð nema  
í tíma sé tekið...  
takið daginn  
frá.**



## Jólaball

Tannlæknafélags Íslands verður  
haldið  
mánudaginn 27. desember 2009  
milli kl. 16.00 og 18.00  
í sal félagsins að Síðumúla 35.  
Nánar auglýst í næsta Fréttabréfi

## Árshátíð TFÍ 14. nóvember 2009

### Taktu kvöldið frá!!!

Árshátíð Tannlæknafélagsins verður haldin á Hilton Nordica laugardagskvöldið 14. nóvember. Sjaldan eða aldrei hefur verið lögð eins mikil vinna í undirbúning á skemmtiaðtriði sem verður með alveg nýju sniði. Fjöldi tannlækna reynir fyrir sér á nýjum og spennandi vettvangi og er óhætt að segja að leyndir hæfileikar komi upp á yfirborðið...

Frumskýning á árshátíð.  
Þú villt ekki missa af þessu!



Taktu kvöldið frá og reiknaðu með að hefja gleðina snemma og enda seint í frábærum félagsskap.

Nefndin

### DAGSKRÁ ÁRSHÁTÍÐAR

Húsið opnar kl. 19.00 með fordrykk

Samkoman sett kl. 20.00

Hátíðarkvöldverður:

#### **Forréttur**

Snökksteikt bleikja og kóngakrabbi

#### **Aðalréttur**

Lambahryggur og lerkisveppir

#### **Eftirréttur**

Volg súkkulaðikaka og ástríðualdin

#### **Ræða kvöldsins**

#### **Skemmtiaðtriði**

**Hljómsveitin Tannbrot**

**Diskótek fram á nótt**

Munið að  
panta borð á  
árshátíðina  
um leið og þig  
skráið ykkur á  
Árþingið

Munið að skrá ykkur á Árþing og árshátíð TFÍ

[www.islandsmot.is](http://www.islandsmot.is)

Síminn hjá Íslandsmótum er 534 7014